

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/270****2022/EES/53/11****frá 23. febrúar 2022**

um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1410 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóðurukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla til varps, alifuglategundir til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóðurukefni var leyfð fyrir varphænur, aukategundir alifugla til varps, alifuglategundir til undaneldis og skrautfugla með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1410 ⁽²⁾ til tíu ára.
- 2) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1410 var rangri tilgreiningu á tegundum, sem aukefnið er leyft fyrir, sem útilokaði kalkúna til undaneldis bætt við í dálki „tegund eða flokkur dýra“.
- 3) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1410 til samræmis við það. Fyrir skýrleika sakir þykir rétt að skipta út viðaukanum við þá framkvæmdarreglugerð í heild sinni.
- 4) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að laga merkingar á aukefninu og fóðri sem inniheldur það að leiðréttingu skilyrðum fyrir leyfi ætti að veita umbreytingartímabil að því er varðar setningu þessara vara á markað.
- 5) Til að viðhalda lögmætum væntingum hagsmunaaðila í tengslum við skilyrði fyrir leyfi fyrir aukefninu ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1410 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið sem eru framleidd og merkt fyrir 25. ágúst 2022 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. febrúar 2022 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1410 frá 27. ágúst 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóðurukefni fyrir varphænur, aukategundir alifugla til varps, alifuglategundir til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtið. ESB L 304, 30.8.2021, bls. 8).

2. Fóðurefni og fóðurblöndur, sem innihalda blönduna, og forblöndur sem um getur í 1. mgr. sem eru framleidd og merkt fyrir 25. febrúar 2023 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. febrúar 2022, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: dýraræktaraukefni. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1828	Huvepharma NV	<i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710</p> <p>sem inniheldur að lágmarki:</p> <p>3,2 × 9 CFU/g aukefnis</p> <p>Fast form</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Lífvænleg gró <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710 í aukefni, forblöndu og fóðri:</p> <p>— Dreifingaraðferð EN 15784</p> <p>Sanngreining á <i>Bacillus licheniformis</i> DSM 28710:</p> <p>— Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)</p>	Varphænur Aukategundir alifugla til varps Alifuglategundir til undaneldis Skrautfuglar	-	1,6 × 10 ⁹	-	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskiyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. Má nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi leyfð hníslalyf: díklasúrfil og lasalósíð-A-natríum. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við hættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða hættunni á váhrifum gegnum húð, við innöndun eða á augu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn. 	19.9.2031

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>